

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 105/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2009 frá 29. maí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 101/2009 frá 3. febrúar 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1800/2004 að því er varðar skilmála leyfis fyrir aukefninu Cycostat 66G í fóðri ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 1zzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 0101**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 101/2009 frá 3. febrúar 2009 (Stjtið. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 101/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 5.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.